



Orkubú Vestfjarða ohf

Verðskrár

Gilda frá 01.10.2017

Efnisyfirlit

Kafli		Bls.
1	Raforkudreifing og raforkuflutningur	2
1.1	Þéttbýli	2
1.2	Dreifbýli	3
1.3	Þéttbýli og dreifbýli	4
2	Hitaveitur	5
3	Tengigjöld hitaveitu.....	6
4	Skýringar.....	7
5	Tengigjöld rafmagns í þéttbýli	9
6	Tengigjöld rafmagns í dreifbýli	11
7	Niðurgreiðslur	14

1. Raforkudreifing og raforkuflutningur.

		Án vsk	Jöfnunargjald	Án vsk m. Jöfnunargj	M.vsk 24% / 11%
1.1 Þéttbýli.					
A40T. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.					
Fastagjald	kr/ári	19.987			24.784
Orkugjald 15% almenn notkun*	kr/kWst	5,79	0,30	6,09	7,55
Orkugjald 85% hiti*	kr/kWst	5,79	0,30	6,09	6,76
A10T. Almenn notkun. Varstærð allt að 80A.					
Fastagjald	kr/ári	19.987			24.784
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	5,79	0,30	6,09	7,55
A21T. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.					
Fastagjald	kr/ári	68.101			84.445
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	5,48	0,30	5,78	7,17
A22T. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.					
Fastagjald	kr/ári	231.543			287.113
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	5,48	0,30	5,78	7,17
A23T. Almenn notkun. Varstærð 301A - 500A.					
Fastagjald	kr/ári	463.087			574.228
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	5,48	0,30	5,78	7,17
B10T. Aflmæling.					
Fastagjald	kr/ári	160.852			199.456
Aflgjald	kr/kW/ári	11.915			14.775
Orkugjald	kr/kWst	2,34	0,30	2,64	3,27
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	0,21			0,26
V10T. Ómæld smánotkun.					
Fastagjald á tengistað	kr/ári	11.456			14.205
Aflgjald	kr/kW/ári	163.127	2.628	165.755	205.536
A30T. Útilýsing					
Aflgjald	kr/kW/ári	32.019	1.260	33.279	41.266

* 15% notkunar ber almennan vsk 24% og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun 11%

		Án vsk	Jöfnunar- gjald	Dreifbýlis- framlag	Án vsk m/Jöfn. + Dreifb.frml	M.vsk 24% / 11%
1.2 Dreifbýli						
A40D. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.						
Fastagjald	kr/ári	32.101			32.101	39.805
Orkugjald 15% almenn notkun*	kr/kWst	10,41	0,30	-2,52	8,19	10,16
Orkugjald 85% hiti*	kr/kWst	10,41	0,30	-2,52	8,19	9,09
A10D. Almennnotkun. Varstærð allt að 80A.						
Fastagjald	kr/ári	32.101			32.101	39.805
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	10,41	0,30	-2,52	8,19	10,16
A21D. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.						
Fastagjald	kr/ári	105.695			105.695	131.062
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	9,81	0,30	-2,52	7,59	9,41
A22D. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.						
Fastagjald	kr/ári	359.366			359.366	445.614
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	9,81	0,30	-2,52	7,59	9,41
A23D. Almenn notkun. Varstærð 300A - 500A.						
Fastagjald	kr/ári	718.733			718.733	891.229
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	9,81	0,30	-2,52	7,59	9,41
B10D. Aflmæling.						
Fastagjald	kr/ári	240.702			240.702	298.470
Aflgjald	kr/W/ári	15.580			15.580	19.319
Orkugjald	kr/kWst	5,50	0,30	-2,52	3,28	4,07
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	0,22			0,22	0,27
V10D. Ómæld smánotkun.						
Fastagjald á tengistað	kr/ári	18.333			18.333	22.733
Aflgjald	kr/kW/ári	220.705	2.628	-22.075	201.258	249.560
A30D. Útilýsing						
Aflgjald	kr/kW/ári	48.032	1.260	-10.584	38.708	47.998

* 15% notkunar ber almennan vsk 24% og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun 11%

		Án vsk	Jöfnunar- gjald	M.vsk 24%	M.vsk 11%
1.3 Þéttbýli og dreifbýli					
D40 D/T. Skerðanleg orka undir 1 MW (innan afltopps).					
Fastagjald	kr/ári	344.887		427.660	382.825
Orkugjald	kr/kWst	4,26	0,30	5,65	5,06
D41 D/T. Skerðanleg orka yfir 1 MW (utan afltopps). Nýting > 4.500					
Fastagjald	kr/ári	344.887		427.660	382.825
Orkugjald	kr/kWst	2,17	0,100	2,81	2,52
D42 D/T. Skerðanleg orka yfir 1 MW (utan afltopps). Nýting < 4.500					
Fastagjald	kr/ári	344.887		427.660	382.825
Orkugjald	kr/kWst	2,97	0,100	3,81	3,41
AXX. Mælaleiga.					
Fjarmælir	kr/ári	43.576		54.034	
RI10. Vanskilainnheimta.					
Innheimtugjald	kr/bréf	Skv. Verðskrá Motus			
RI20. Veita opnuð eftir lokun.					
Á dagvinnutíma	kr	11.703		14.512	
Utan dagvinnutíma	kr	23.402		29.018	
RÞ10. Mælaálestrar.					
Aukaálestur	kr	5.851		7.255	
RÞ20. Viðhald götulýsingar.					
Viðhaldsgjald	kr/kW/ári	47.934		59.438	
RÞ30. Útkall.					
Útkall á vinnutíma	kr/útkall	14.012		17.375	
Útkall utan vinnutíma	kr/útkall	28.022		34.747	

2. Hitaveitur.

		Án vsk	Orkuskattur	M.vsk 11%
H90 og H99. Hitun íbúðarhúsnæðis.				
Minnst 74° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr/kWst	7,90	0,16	8,94
Fastagjald	kr/ári	33.350	667	37.759
Rúmmetragjald	kr/m ³	35,50	0,71	40,19
H94 og H95. Hitun íbúðarhúsnæðis.				
Minnst 72° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr/kWst	7,90	0,16	8,94
Fastagjald	kr/ári	33.350	667	37.759
Rúmmetragjald	kr/m ³	30,43	0,61	34,45
H98. Sala um varmaskipti.				
Orkugjald	kr/kWst	4,96	0,10	5,62
Fastagjald	kr/ári	333.513	6.670	377.603
Rúmmetragjald	kr/m ³	21,33	0,43	24,15
I90, I91 og H70. Reykhólar.				
Fastagjald	kr/ári	33.350	667	37.759
Rúmmetragjald	kr/m ³	207,27	4,15	234,67
I98 og H78. Vatnsmagn.				
Sundlaugar og gróðurhús				
Fastagjald	kr/ári	33.350	667	37.759
Rúmmetragjald	kr/m ³	69,02	1,38	78,14

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

3. Tengigjöld hitaveitu.

		Án vsk	M.vsk 11%
20 mm stál og 25 mm Pex	kr	231.937	257.450
25 mm stál og 32 mm Pex	kr	301.519	334.686
32 mm stál og 40 mm Pex	kr	463.876	514.902
50 mm stál	kr	695.814	772.354
80 mm stál	kr	2.783.260	3.089.419
Aukamæligrind hitaveitu	kr	72.894	80.912
Uppsetning orkumælis	kr	40.255	44.683

Orkubúinu er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimæðar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

Sé ný heimæð ekki tekin í notkun eða veitu lokað, í 6 mánuði eða lengur má búast við aftengingu heimæðar. Hafi notkun aldrei hafist á nýrri heimæð eða fallið niður í veitum sem hafa verið í notkun, í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald til að notkun geti hafist. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds (uppsetning orkumælis).

4. Skýringar.

4.1. Straumgildi. (A=Amper)

Leyfilegar varstærðir að mæli viðskiptavinar ákvarðar taxa. Í taxaheiti er tilgreind varstærð fyrir þriggja fasa mæli, en varstærð fyrir einfasa mæli skal taka mið af samsvarandi afli. Sé viðskiptavinur með varstærð yfir 500A verður hann að vera á afltaxta.

4.2. Aflgjald.

Reiknast af sölutoppi ársins. Í hverjum mánuði er fundinn hæsti 60 mínútna meðaltoppur. Sölutoppur ársins er meðaltal af 4 hæstu mánaðartoppunum. Sölutoppur ársins verður þó aldrei lægri en 15 kW.

4.3. Götulýsing.

O.V. sér um uppsetningu götulýsingar samkvæmt ósk viðskiptavinar, sem greiðir allan stofnkostnað.

O.V. tekur að sér allt eðlilegt viðhald götulýsingar gegn greiðslu viðhaldsgjalds í verðskrá.

Götulýsingu er stýrt af O.V. eftir dagsbirtu. (1KW u.þ.b. 4200 kwst/ári).

4.4. Fasvik.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði, á tíma-bilinu frá og með 1. október til 1. maí, niður fyrir 0,9 er heimilt fyrir þann mánuð að innheimta viðbótarorkugjald fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir 0,9. Þetta viðbótarorkugjald kallast fasviksgjald og reiknast af hverri kWst. (Ef meðalfasviksstuðull mánaðar er F og er minni en 0,9 og orkukaup mánaðarins eru E kWst er kostnaður vegna fasviks (K) í þeim mánuði sem hér segir: $K=(0,9-F) \times 100 \times 0,13 \times E$.)

4.5. Ótryggð orka.

Ótryggð orka er seld samkvæmt sérsamningum, sem gerðir voru fyrir 31.12.2004, og er bundin sérstökum skilmálum, meðal annars um fulla heimild til rofs. Reynist orkutöp vegna ótryggðrar orku vera umfram 2% á taxa RO60 og umfram 6% á taxa RO50 er dreifiveitunni heimilt að innheimta raunkostnað hjá notanda vegna tapa umfram þessi mörk.

4.6. Leigutaxtar.

Viðskiptavinir dreifiveitunnar geta leigt mælitæki til innra uppgjörs og fjarmæliliða til að nálgast mæligögn til eigin nota. Uppsetning tækjanna er innifalinn í leigunni.

4.7. Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og er lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

4.8. Veita opnuð eftir lokun.

Gjöld vegna kostnaðar við lokun og opnun veitu vegna vanskila.

4.9. Virðisaukaskattur (vsk) og niðurgreiðslur.

Samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

4.10. Heimtaugar

Heimtaugar eru í eigu OV, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi aðgang að dreifikerfi OV.

Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst. Föst tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru því aðeins í gildi að eðlileg lagnaleið sé fyrir hendi.

Með heimtaugarumsókn þarf að fylgja uppdráttur af lóðum svæðisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun, ásamt landnúmerum viðkomandi lóða. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar sem einkanlega eru ætlaðar fyrir mælitæki og aðra smánotkun og bráðabirgðaheimtaugar til tímabundinna nota.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við OV, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein 4.1.2. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra.

Húseigandi leggur til mælakassa sem uppfyllir kröfur um frágang og gerð á mynd M5 í TTR og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar, TTR.

Í þessari verðskrá teljast til þéttbýlis þeir staðir sem skilgreindir eru sem þéttbýli á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í þessari verðskrá teljast til byggðakjarna skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer ekki að hámarki yfir 100 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót. Nýir byggðakjarnar sem eru að myndast greiða tengigjald samkvæmt dreifbýlisgjaldskrá þar til ofangreindum skilyrðum er fullnægt.

Gjald fyrir heimtaug er háð stærð hennar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

OV gerir skriflegt tilboð um tengigjald fyrir heimtaugar stærri en 315 A. Gjald fyrir breytingar á heimtaugum, aðrar en um getur í verðskrá þessari, er samkvæmt skriflegu tilboði.

Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús samanber TTR 4.1.7. Heimtaugagjald miðast við að heimtaug tengist ýmist í stofnvarskassa, stofntengibox, mælakassa eða beint í aðaltöflu samanber TTR 4.1.14

Viðbótarmælar eru eingöngu settir upp í fjöleignarhúsum, sjá gr. 5.4 og 6.6.

5. Tengigjöld rafmagns í þéttbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

Grunnverð aðalheimtaugar

Málstraumur		Grunnverð		Yfirlengdarverð	
63	A	201.043	kr	2.011	kr/m
100	A	298.652	kr	2.986	kr/m
200	A	626.440	kr	6.264	kr/m
315	A	981.908	kr	9.819	kr/m

Grunnverð bráðabirgðaheimtaugar:

Málstraumur		Grunnverð	
≤ 63	A	44.287	kr
100	A	64.100	kr
200	A	104.892	kr

Innifalið í grunnverði bráðabirgðaheimtaugar er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði. Tilboð skal miða við aðstæður hverju sinni auk þess að innihalda gjald vegna endurkomu. Heimilt er að innheimta leigu fyrir endurkræft efni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Grunnverð miðast við ársnotkun og endurnýjast við hvert byrjað ár frá tengingu heimtaugar.

Annar mögulegur kostnaður :

- a) Yfirlengd lágspennu sjá gr. 2
- b) Ómæld smáheimtaug **69.314 kr.** sjá gr. 3
- c) Viðbótarmælir **34.657 kr.** sjá gr. 4
- d) Stækkun heimtaugar sjá gr. 5

- e) Spennistöð fyrir einn notanda sjá gr. 6
- f) Endurkoma **25.058 kr.** sjá gr. 7
- g) Breyting á heimtaug sjá gr. 8
- h) Endurtenging sjá gr. 9
- i) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 10

2. Yfirlengd lágspennu

Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að móttökustað. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200-315A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.

3. Ómæld smáheimtaug

Verð fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **69.315 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **1.869 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

4. Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **34.657 kr** fyrir hvern mæli. Aðeins réttthafi heimtaugar getur óskað eftir viðbótarmæli og skulu allir mælar á sömu heimtaug vera í aðaltöflu. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

5. Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð heimtaugar fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra grunnverði samkvæmt gildandi gjaldskrá auk **34.657 kr** fasts gjalds. Greiða þarf fullt yfirlengdargjald fyrir hina nýju heimtaug.

6. Spennistöð

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

7. Endurkoma

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **25.058 kr.** fyrir hverja endurkomu.

8. Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

9. Endurtenging

Sé ný veita ekki tekin í notkun, eða veitu lokað í 6 mánuði eða lengur, má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10T, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **34.657 kr** fasts gjalds.

10. Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda þar sem lagnaskilyrði eru erfið, eða þar sem varanlegri gatnagerð er ólokið, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst. Við mjög sérstakar og erfiðar aðstæður er OV heimilt að víkja frá verðskrá og vinna samkvæmt föstu verðtilboði.

6. Tengigjöld rafmagns í dreifbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

1. Grunnverð heimtaugar:

Málstraumur		Grunnverð	
35	A	348.925	kr
63	A	435.862	kr
100	A	560.393	kr
200	A	871.725	kr
315	A	1.245.321	kr

Flathey 10 A 441.737 kr. 1.909 kr/m yfirlengd

Annar mögulegur kostnaður:

- Yfirlengd lágspennu **1.869 kr/m** sjá gr. 2
- Aðgangur að spennistöð **540.422 kr.** sjá gr. 3)
- Ný háspennulögn til og með 1000 m **2.320 kr/m** sjá gr. 4)
- Ný háspennulögn yfir 1000 m sjá gr. 5)
- Viðbótarmælir **34.657 kr.** sjá gr. 6)
- Ómæld smáheimtaug **69.315 kr.** sjá gr. 7)
- Stækkun heimtaugar sjá gr. 8)
- Endurkoma **25.058 kr.** sjá gr. 9)
- Breyting á heimtaug sjá gr. 10)
- Þrífösun heimtaugar sjá gr. 11)
- Þrífösun háspennulagnar sjá gr. 12)
- Endurtenging heimtaugar sjá gr. 13)
- Aukakostnaður og frávik sjá gr. 14)

Verð aðalheimtaugar er háð stærð heimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar, háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis. Ef um er að ræða þriggja fasa dreifikerfi eru að jafnaði afgreiddar þriggja fasa heimtaugar, en að öðrum kosti veljast amperstærðir miðað við sambærilega aflgetu heimtaugar.

2. Yfirlengd lágspennu

Fari meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis þeirra er tengjast samtímis á spennistöð yfir 200 m, skal greiða fyrir yfirlengd. Verð fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 400 m, er **1.869 kr.** Að jafnaði skal lágspennukerfi notanda ekki fara yfir 400 m.

3. Aðgangur að spennistöð

Verð fyrir aðgang að spennistöð er **540.422 kr.** Staðsetning nýrrar spennistöðvar er ákveðin af OV í samráði við landeiganda.

Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast spennistöðinni. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til greiðenda. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

Verð fyrir aðgang að spennistöð kemur til viðbótar grunnverði heimtaugar samkvæmt gr. 1)

4. Ný háspennulögn til og með 1000 m

Fyrir háspennulögn til og með 1000 m., greiðist hlutdeild í kostnaði háspennulagnar **2.320 kr/m**. Sjái OV sér hag í að nýta lögnina fyrir eigið dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda má lækka hlutdeild umsækjanda í þessum kostnaði háspennulagnar niður um helming.

Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast í upphafi. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til greiðenda í upphafi. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

5. Ný háspennulögn yfir 1000 m

Fyrir lengri lagnir en 1000 m greiðist samkvæmt tilboði.

Hafi notandi greitt fyrir nýja háspennulögn samkvæmt tilboði skal eftirfarandi gilda, hafi ekki um annað verið samið sérstaklega:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi, innan 10 ára frá verklokum, skulu þeir taka þátt í kostnaði og á þá sá sem upphaflega greiddi rétt á endurgreiðslu frá OV þannig að kostnaði sé jafnað á milli notenda miðað við afskrifað verð þannig að kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur lækki árlega um 10% af stofnverði og falli niður að 10 árum liðnum frá verklokum.

6. Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **34.657 kr** fyrir hvern mæli. Aðeins rétthafi heimtaugar getur óskað eftir viðbótarmæli og skulu allir mælar á sömu heimtaug vera í aðaltöflu eða mælakassa utandyra. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

7. Ómældar smáheimtaugar

Verð fyrir ómældar smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **69.315 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **1.869 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

8. Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð nýrrar heimtaugar. Ef ekki þarf að skipta um spennistöð eða fara í aðrar kostnaðarsamar aðgerðir vegna stækkunarinnar má draga fyrra grunnverð frá, samkvæmt gildandi verðskrá, að hluta eða öllu leiti. Auk þess skal greiða fast gjald **34.657 kr**.

9. Endurkoma

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **25.058 kr**.

10. Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

11. Þrífösun heimtaugar

Verð fyrir þrífösun heimtaugar, að ósk notanda, er **287.834 kr** vegna spennistöðvar, þar sem skipta þarf um spennu, auk **34.657 kr** á hverja heimtaug. Verð spennistöðvar deilist á þann fjölda heimtauga sem eru þrífasaðar samtímis.

Fyrir þrífösun heimtaugar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast **75.660 kr**. Þrífösun samhliða endurnýjun dreifikerfisins er án gjalds, enda sé notandi tilbúin að taka við þriggja fasa rafmagni samtímis því að endurnýjun fer fram. Notandi sér þá til þess á sinn kostnað að húsveitan sé tilbúin fyrir þriggja fasa rafmagn. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

12. Þrífösun háspennulagnar

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðskiptavinur óskar eftir að flýta endurnýjun vegna þarfar fyrir þriggja fasa rafmagn, greiðir umsækjandi flýtikostnað **1.160 kr/m**, enda sjái OV sér hag í bættu dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda. Að öðrum kosti greiðir umsækjandi framkvæmdina að fullu.

13. Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10D, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **34.657 kr** fasts gjalds.

14. Aukakostnaður og frávík

Sé heimtaug lögð að ósk notanda þar sem lagnaskilyrði eru erfið, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst. Við mjög sérstakar og erfiðar aðstæður er OV heimilt að víkja frá verðskrá og vinna samkvæmt föstu verðtilboði.

15. Eftirlit

Umsækjandi heimtaugar skal í samráði við OV tryggja heimild landeiganda til lagningar dreifikerfis sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

Orkubú Vestfjarða - Bráðabirgðaheimtaugar

1) Grunnverð - tengigjald:

Málstraumur		Grunnverð	
≤ 63	A	62.267	kr
80	A	81.062	kr
100	A	99.861	kr
125	A	124.532	kr
160	A	186.797	kr

Innifalið í grunnverði bráðabirgðaheimtaugar er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði. Tilboð skal miða við aðstæður hverju sinni auk þess að innihalda gjald vegna endurkomu. Heimilt er að innheimta leigu fyrir endurkræft efni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Grunnverð miðast við ársnotkun og endurnýjast við hvert byrjað ár frá tengingu heimtaugar.

7. Niðurgreiðslur.

1. Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis.

Kostnaður við dreifingu orku til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni. Greiddar eru niður allt að 40.000 kílóvattstundir á ári fyrir hverja íbúð þar sem föst búseta er. Sækja þarf um niðurgreiðslur til Orkustofnunar www.os.is. Dreifing raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er greidd niður um 7,89 kr/kWh og í þéttbýli niður um 5,79 kr/kWh, kemur þetta fé úr ríkissjóði. Orka frá kyntum hitaveitum til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður um 3,95 kr/kWh, 3,68 kr/kWh koma úr ríkissjóði og 0,27 kr/kWh koma frá Orkubúi Vestfjarða.

2. Niðurgreiðslur vegna dreifingar raforku í dreifbýli .

Dreifing allrar raforku í dreifbýli er greidd niður um 2,32 kr/kWh og kemur þetta fé úr ríkissjóði. (dreifbýlisframlag)

3. Umsókn um niðurgreiðslur.

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 og lögum um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 58/2004 þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum sbr. 4. grein séu uppfyllt. Sækja má um niðurgreiðslu með eftirtöldum leiðum:

- Fylla út umsókn á heimasíðu Orkustofnunar www.os.is og senda rafrænt til hennar.
- Fylla út eyðublað á pappírformi og senda í pósti til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Orkustofnun sendir eyðublaðið til þeirra sem þess óska.

Orkustofnun veitir fúslega nánari upplýsingar um niðurgreiðslulögin og aðstoðar íbúðareigendur við umsóknina eins og kostur er. Hringja má í síma 569 6000 eða senda tölvupóst á netfangið nidurgreidslur@os.is.